



## Leiðbeiningar með rafrænum eyðublöðum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um tilkynningar útgefanda fjármálagerninga um fruminnherja, tímabundna innherja og fjárhagslega tengda aðila

Eftirfarandi eru leiðbeiningar Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitisins) um útfyllingu á rafrænum eyðublöðum vegna rafrænna tilkynninga útgefanda fjármálagerninga um innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Eyðublöðin eru í fimm skjölum:

1. Eyðublað 1-a er fyrir tilkynningu um fruminnherja,
2. Eyðublað 1-b er fyrir tilkynningu um aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum,
3. Eyðublað 2-a er fyrir tilkynningu um tímabundna innherja,
4. Eyðublað 2-b er fyrir tilkynningu um aðila fjárhagslega tengda tímabundnum innherjum,
5. Eyðublað 2-c er fyrir tilkynningu um brottfall tímabundinna innherja og aðila fjárhagslega tengda þeim.

### Uppfærsla og sending innherjaskráa til Fjármálaeftirlitisins

Innherjaskrár skulu ávallt endurspegla raunverulega hverjir hafa stöðu innherja hjá útgefanda. Innherjaskrár skal uppfæra sama dag og á þeim verða breytingar. Verði engar breytingar á innherjaskrá ber eigi að síður að senda endurskoðaða skrá eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Við breytingar á skrám ber að senda inn uppfærðan lista yfir innherja og samsvarandi breytingar á lista yfir aðila fjárhagslega tengda innherja. Uppfærður listi yfir fruminnherja birtist sjálfkrafa á vefsíðu Seðlabanka Íslands, [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is) og færast jafnframt í gagnagrunn Fjármálaeftirlitisins. Á vefsíðu Seðlabanka Íslands birtist einungis uppfærður listi yfir fruminnherja en ekki eldri listar. Upplýsingar um kennitölu/númer vegabréfs, heimilisfang og póstnúmer fruminnherja eru ekki birtar á vefsíðunni. Listi yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherja, svo og listi yfir tímabundna innherja, listi yfir aðila fjárhagslega tengda tímabundnum innherja og listi yfir brottfall tímabundinna innherja færast sjálfkrafa í gagnagrunn Fjármálaeftirlitisins.

Mikilvægt er að útgefendur fjármálagerninga hafi í huga að Fjármálaeftirlitið gerir engar breytingar á innsendum innherjaskrám. Efni innherjaskráa er alfarið á ábyrgð útgefanda sjálfra.

Skipulegir verðbréfamarkaðir á Íslandi hafa aðgang að gagnagrunnskerfi Fjármálaeftirlitisins og þurfa útgefendur því ekki að senda upplýsingar um innherja til skipulegs markaðar.

Til breytinga á innherjaskrá teljast hvers konar breytingar, t.d. staða innherja hjá útgefanda, t.a.m. ef lykilstarfsmaður er gerður að framkvæmdastjóra.

### Skýringar við einstaka reiti á eyðublöðum

#### 1. Heiti og kennitala útgefanda

Hér skal tilgreina nafn útgefanda fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga. Einnig skal tilgreina íslenska kennitölu útgefanda fjármálagerninga. Hafi útgefandi ekki íslenska kennitölu skal skrá tveggja stafa landakóða í samræmi við staðalinn ISO 3166-1 Alpha-2 og setja tvípunkt þar á eftir. Síðan skal skrá erlent skráningarnúmer útgefanda án nokkurra bila.

Upplýsingar um algengustu tveggja stafa landakóða er að finna í dálk aftast í þessum leiðbeiningum. Upplýsingar um alla landakóða er að finna á þessari heimasíðu: <https://www.iso.org/obp/ui/#search>.

#### 2. Heimilisfang, póstnúmer, staður, land og símanúmer

Hér skal tilgreina heimilisfang útgefanda fjármálagerninga, póstnúmer og stað. Einnig skal skrá land útgefanda og símanúmer.

### 3. Dagsetning

Í þennan reit skal skrá hvenær tilkynningin er send til Fjármálaeftirlitsins.

### 4. Nafn, kennitala og netfang regluvarðar og staðgengils hans

Hér skal skrá nafn regluvarðar og staðgengils hans. Skrá skal nafn eins og það er ritað í þjóðskrá. Einnig skal skrá kennitölu regluvarðar og staðgengils hans. Hafi annar hvor ekki íslenska kennitölu skal skrá númer vegabréfs. Það er gert með því að slá inn: PASSP:(númer vegabréfs). Um leið og nafn og kennitala hafa verið rituð færast þau í reit yfir þá aðila sem teljast til fruminnherja. Netfang regluvarðar og staðgengils hans skal einnig skrá í þar til gerða reiti.

### 5. Verðbréfamarkaður sem bréf útgefanda eru skráð á

Hér skal tilgreina á hvaða skipulega verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga fjármálagerningar útgefanda eru skráðir á. Dæmi: Aðalmarkaður Nasdaq OMX(ICEX) eða First North markaður Nasdaq OMX. Ef fjármálagerningar útgefanda eru skráð á tveimur eða fleiri mörkuðum skal tiltaka alla markaðina.

### 6. Upplýsingar um innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum

Á neðri hluta eyðublaðsins eru reitir þar sem skrá skal upplýsingar um innherja. Á eyðublað 1-a skal skrá upplýsingar um fruminnherja og á eyðublað 1-b skal skrá upplýsingar um aðila fjárhagslega tengda fruminnherjanum. Á eyðublað 2-a og 2-b skal skrá upplýsingar um tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda tímabundnum innherjum. Á eyðublað 2-c skal skrá brottfall tímabundna innherja svo og brottfall aðila fjárhagslega tengdum tímabundnum innherja.

Öllum eyðublöðunum er það sameiginlegt að í fyrsta reitinn skal skrá hvenær viðkomandi öðlast stöðu innherja. Hér ber að miða dagsetningu við það tímamark þegar innherji öðlast þá stöðu að hafa að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum ef um fruminnherja er að ræða, en það tímamark þegar innherji fær aðgang að innherjaupplýsingum ef um tímabundinn innherja er að ræða. Þegar um aðila fjárhagslega tengdum innherja er að ræða skal miða við það tímamark þegar innherji öðlaðist stöðu innherja, samanber hér að framan. Í þeim tilvikum þegar aðili öðlaðist stöðu innherja fyrir 1. janúar 2001 og þegar ekki er vitað hvenær aðili öðlaðist stöðu innherja, skal skrá dagsetninguna 1.1.2001.

Í annan reit skal skrá eftir atvikum kennitölu innherja eða aðila fjárhagslega tengdum honum. Hafi einstaklingur ekki íslenska kennitölu skal skrá númer vegabréfs. Það er gert með því að slá inn: PASSP:(númer vegabréfs). Hafi félag ekki íslenska kennitölu skal skrá tveggja stafa landakóða í samræmi við staðalinn ISO 3166-1 Alpha-2 og setja tvípunkt þar á eftir. Síðan skal skrá erlent skráningarnúmer félagsins án nokkurra bila. Upplýsingar um algengustu tveggja stafa landakóða er að finna í dálk aftast í þessum leiðbeiningum. Í þriðja reit skal skrá nafn viðkomandi. Hér getur hvort sem er verið um að ræða nafn einstaklings eða nafn félags. Sé um Íslending að ræða skal rita nafn hans eins og það er ritað í þjóðskrá. Sé um lögaðila að ræða sem skráður er í hlutafélagaskrá skal rita nafn hans eins og það er ritað þar. Í fjórða reit skal skrá heimilisfang viðkomandi og í fimmta reit skal skrá póstnúmer.

Á eyðublöð 1-b og 2-b skal skrá kennitölu eða númer vegabréfs þess innherja (fruminnherja eða tímabundins innherja) sem hinn fjárhagslegi tengdi aðili tengist.

Í síðasta reitinn á öllum eyðublöðunum skal skrá tengsl innherja við útgefanda og tengsl fjárhagslega tengds aðila við innherja. Á eyðublað 1-a skal skrá tengsl fruminnherja við útgefanda, á eyðublað 1-b skal skrá tengsl fjárhagslega tengds aðila við fruminnherja, á eyðublað 2-a skal skrá tengsl tímabundins innherja við útgefanda, á eyðublað 2-b skal skrá tengsl fjárhagslega tengds aðila við tímabundinn innherja og á eyðublað 2-c skal eftir atvikum skrá tengsl við útgefanda eða tímabundinn innherja.

Að meginreglu til skal notast við heiti sem finna má í flettilista. Einnig er hægt að skrifa heiti í viðkomandi reit. Sé það gert færast það þó ekki sjálfvirkt í flettilistann. Æskilegt er að nota lýsandi og gagnsæ heiti til að skilgreina tengsl innherja við útgefanda. Heiti í flettilistanum eru ekki tæmandi og verður uppfærður reglulega af Fjármálaeftirlitinu. Óskað er eftir að nýjum heitum sé beint til starfsmanna Fjármálaeftirlitsins sem munu færa þau heiti inn í flettilistann.

## Upplýsingar um algengustu tveggja stafa landakóða

Bandaríkin US  
Belgía BE  
Bretland GB  
Danmörk DK  
Færeyjar FO  
Finland FI  
Frakkland FR

Holland NL  
Lichtenstein LI  
Lúxemborg LU  
Noregur NO  
Svíþjóð SE  
Sviss CH  
Þýskaland DE

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, desember 2020.